

AUGLÝSING

28

22. marz

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942,
fyrir Háskóla Íslands.**

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er öllum skrásettum stúdentum að ganga undir berklarannsókn á hverju ári eftir tilvísun rektors. Enn fremur skal læknisskoðun fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar, og verður sú skoðun framkvæmd stúdentum að kostnaðarlausu af lækni þeim, er háskólaráð ræður til þess. Skylt er hverjum stúdent að láta skoða sig með sama hætti í byrjun þriðja námsárs.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 22. marz 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

29

4. apríl

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forsetinn, herra Sveinn Björnsson, hefur tekið sér hvíld frá störfum um stundarsakir og mun dvelja erlendis nokkrar vikur. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. apríl 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

30

14. apríl

**um samkomulag, er gert var í Reykjavík 24. nóvember 1949
milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um nokkur
atriði varðandi sölu íslenzkra afurða til Hollands.**

Hinn 24. nóvember 1949 var gengið frá samkomulagi milli íslenzkra og hollenzkra stjórnarvalda um eftirfarandi atriði:

1. Um afhendingartíma fyrir eftirstöðvar af hraðfrystum fiski, er seldur var til Hollands með samningi, dags. 15. desember 1948, milli Stichting Voedselvoorziening Import Bureau, Haag, og viðskiptadeildar utanríkisráðuneytisins. Enn fremur var samið um geymslugjald fyrir fiskinn.

- 30 2. Um sölu til Hollands á ákveðnum hundraðshluta af útfluttu síldarmjöli af vetrarframleiðslu 1949—50.
14. apríl 3. Um sölu til Hollands á 3000 smál. af fiskimjöli, framleiddu fyrri hluta árs 1950.
4. Um sölu til Hollands á 4000 smál. af þorskalýsi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

31

14. apríl

AUGLÝSING

um framlengingu á viðskiptasamkomulagi milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 31. marz 1950 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu til eins árs, eða til 31. marz 1951, á viðskiptasamkomulagi því, er undirritað var í Stokkhólmi 16. júní 1945, með smávægilegum breytingum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. apríl 1950.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

32

18. apríl

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamninga milli Íslands og Finnlands.

Hinn 6. marz 1950 var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Viðskiptasamningurinn gildir frá 1. marz 1950 til 28. febrúar 1951, og er með honum felldur úr gildi viðskiptasamningurinn frá 20. maí 1949. Verði samningnum ekki sagt upp fyrir árslok 1950, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Samkvæmt hinum nýja viðskiptasamningi er gert ráð fyrir, að Finnar kaupi af Íslendingum:

2 800 smál. af síld.

200 — — hertu þorska- eða síldarlýsi.

60 — — meðalalýsi.

90 — — fóðurlýsi.

25 — — iðnaðarlýsi.

3½ af hundraði af því síldarmjöli, sem verður flutt úr af framleiðslu sumarsins 1950, þó ekki yfir 1000 smálestir.

Kindagarnir fyrir 10 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á hraðfrystum fiski, söltuðum gærum o. e. t. v. fleiri vörum.